

FUNDARGERÐ

5. fundur

Fundur í stjórn FÍSOS 6. 3. 2012 í Þjóðminjasafni Íslands.

Mættir: Sigríður Melrós Ólafsdóttir, formaður, Bergsveinn Þórsson, Hildur A. Gunnarsdóttir, Jón Allansson og Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Á fjarfundi: Arndís Bergsdóttir.

Formaður setti fundinn. Dagskrá:

1. Styrkur frá menningar- og menntamálaráðuneyti.

Formaður lagði fram afrit af bréfi til FÍSOS frá ráðuneytinu þar sem fram kemur að styrkur til FÍSOS er kr. 800 þús. En sótt var um 6 millj.

Ræða þarf við ráðuneytið hvað af skilgreindum verkefnum FÍSOS á að framkvæma þar sem aðeins 12% af umbeðinni upphæð, miðað við þau störf sem liggja fyrir, var afgreidd og einnig á þarf að fá rökstuðning frá Eiríki Þorlákssyni um forsendur þessarar afgreiðslu.

Ákveðið að þjóða Guðna Tómassyni og ráðherra til fundar þar sem lögð verður fram samantekt um skyldur og verkefni FÍSOS með tilliti til safnalaga 2013. Formaður sendir drög til fundarmanna milli funda.

2. Safnabókin:

Rætt um gagnrýni á starfsaðferðir aðstandenda Safnabókarinnar sem rætt hefur verið um á safnalistanum. Formaður fór á fund með þeim þar sem mál voru rædd. Almennt var litið jákvætt á að þessi starfsemi væri til staðar og þyrfti að kynna hana betur fyrir safnafólki. ATH. Yfirlýsing.

3. Náttúruminjasafnið:

Velt fyrir ástæðu þess að mál safnsins eru með þeim hætti sem þau eru í dag. Lagt til að FÍSOS standi fyrir málþingi um málefni safnsins á hlutlausan hátt þegar 2 til 3 vikur verða liðnar af maí.

Fleira gerðist ekki – fundi slitið.